

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 28. mars 1996 staðfest aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015. Jafnframt er fellt úr gildi aðalskipulag Keflavíkur 1982-2002 frá 12. október 1983 með síðari breytingum, aðalskipulag Njarðvíkur 1991-2011 frá 26. ágúst 1992 með síðari breytingum og aðalskipulag Hafna frá 28. ágúst 1973.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr.19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 206

11. mars 1996

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um setningu flugreglna nr. 55/1992.

1. gr.

Í orðaskýringar bætist við eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð.

Loftakstur (*Air Taxiing*). Hreyfingar þyrlna yfir flugvelli, venjulega innan jarðhrifa og á jarðhraða sem venjulega er undir 37 km/klst. (20 hnútum).

Ath:- Raunhæð er mismunandi og sumar þylur geta þurft að fljúga í meira en 8 m (25 fet) hæð frá flugvelli í flugakstri til að minnka jarðhrif eða til að skapa nægjanlegt bil fyrir hangandi farm.

2. gr.

Á eftir grein 3.1.7. bætist við ný grein 3.1.8., svohljóðandi og breytast aðrir töluliðir til samræmis við það:

3.1.8 Fylkingarflug.

Loftförum skal ekki flogið í fylkingu, nema flugstjórar loftfaranna hafi fyrirfram lagt á ráðin um það að fylkingarflug í flugstjórnarrými sé í samræmi við skilyrði sem hlutaðeigandi flugumferðaryfirvöld setja. Skilyrðin skulu m.a. vera þessi:

- a) að fylkingin fljúgi sem eitt loftfar með tilliti til flugleiðsögu og stöðutilkynninga;
- b) aðskilnaður milli loftfaranna á flugi skal vera á ábyrgð fylkingarforingjans og flugstjóra hinna loftfaranna í fylkingarfluginu og skal ná yfir þau tímabil þegar loftförin breyta af beinu og láréttu flugi til að ná aðskilnaði sínu á milli í fylkingunni og þegar fylkingin sameinast og dreifist; og
- c) að hvert loftfar haldi fjarlægð frá fylkingarforingjanum, sem ekki er meiri en 1 km (0.5 sm) lárétt og 30 m (100 fet) lóðrétt frá honum.

3. gr.

Grein 3.2.1. orðast svo: